



Reykjavík, 16. ágúst 2020

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um skráningu einstaklinga, mál nr. 121/2020

Vísað er til draga að reglugerð um skráningu einstaklinga sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið birti til umsagnar þann 25. júní síðastliðinn. Eftirfarandi er umsögn Arion banka hf.

I. Miðlun og sérvinnslur

Ánægjulegt er að með nýjum lögum um skráningu einstaklinga sé Þjóðskrá veitt heimild til að miðla upplýsingum um fjölskylduvensl, m.a. um forsjárupplýsingar barna. Svo virðist þó sem í reglugerðardrögin skorti upplýsingar um form, efni og tímasetningu upplýsingagjafarinnar.

Í fyrsta lagi kemur fram í greinargerð frumvarps er varð að lögum um skráningu einstaklinga að færa eigi fyrirspurnir í Þjóðskrá yfir í svokölluð vefköll. Almennt eru ríkir hagsmunir hjá Arion og öðrum hagsmunaaðilum að hafa gögn sem ferskust til að uppfylla skyldur okkar. Það kallar svo aftur á að hægt sé að uppfæra þau gögn í magni, ekki síst þegar tímafrek vefköll eru komin inn í myndina. Eigi vöktun á uppfærslu gagna fyrir allan viðskiptavinagrunn Arion, eða jafnvel hluta hans að fara í gegnum Þjóðskrá sem miðlara, þarf að vera í boði handhæg leið til að vitja um hvort breyting hafi yfirleitt orðið á skráningu, án þess að rukkað verði fyrir staka uppflettingu líkt og lögin veita heimild fyrir. Í framhaldi af því væri hægt að fletta upp eðli breytinga fyrir undirmengið sem kemur í ljós að hafi uppfærst. Öðrum kosti gæti svo farið að kalla verði eftir nýrri stöðu fjölskylduvensla daglega til að tryggja að þau séu rétt skráð í kerfum Arion. Mikilvægt er að prófanagögn- og umhverfi Þjóðskrár endurspegli þessar breytingar sem allra fyrst en góð vinna hefur átt sér stað síðustu misseri í kringum prófanapýði Þjóðskrár með aðkomu flestra hagsmunaaðila.

Í öðru lagi mætti skýra betur hvað felst í því að Reiknistofa bankanna (RB) fái leyfi til að afrita til sín heildarþjóðskrá, einkum í ljósi annars afdráttarlausss banns um áframhafningu í lögunum. Ef ástæðan fyrir því að RB sé veitt þetta leyfi eru þeir almannahagsmunir sem leiða af rekstri samfélagslega mikilvægra innviða hefði mátt taka af vafa um að þau fjármálafyrirtæki sem eru þátttakendur í RB, nota og vinna með umrædda innviði hafi sömuleiðis heimild til aðgengis að gögnum sem varða þeirra kerfi. Að öðrum kosti verður þessi þáttur háður túlkun. Þetta mætti fella undir takmarkaðan rétt RB til að starfa sem miðlari eftir því sem við ætti.



II. 8. gr. um kerfiskennitöluskrá

Athugasemd er gerð við skýrleika 8. gr. reglugerðardragana, nánar tiltekið a. lið 8. gr. en þar segir að í kerfiskennitöluskrá verði skráð annars vegar ný kennitala og hins vegar eldri kennitala ef við á. Arion leggur áherslu á að tryggt sé að allar kennitölur/kerfiskennitölur/utangarðsskráningar sem einstaklingur hefur verið skráður fyrir eða mun verða skráður fyrir verði tengdar saman. Arion þarf að vera veittur aðgangur að þessum upplýsingum með einföldum og rekjanlegum hætti, m.a. með tilliti til laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, með síðari breytingum.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson, lögfræðingur